

Félagsmálaráð - 239 (21.4.2020) - Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Málsnúmer : 202003065
Málsaðili : Unicef Ísland
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 21.04.2020

Inngangur : Á 938. fundi byggðaráðs var tekinn fyrir rafpóstur frá Unicef á Íslandi, dagsettur 25. febrúar 2020, tilboð um þátttöku í verkefninu barnvæn sveitarfélög. Um er að ræða verkefni sem styður sveitarfélög í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem var lögfestur hér á landi árið 2013.

Byggðaráð vísaði erindinu til umsagnar í fræðsluráði, ungmennaráði og félagsmálaráði.

Tekinn fyrir fyrrgreindur póstur en þar kemur fram að í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans á Íslandi árið 2013 varð aukning í eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans. UNICEF á Íslandi hefur þróað verkefni fyrir innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélaga - verkefnið barnvæn sveitarfélög. Að sveitarfélög innleiði Barnasáttmálann þýðir samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur hans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess.

Niðurstaða : Félagsmálaráð leggur til að Dalvíkurbyggð taki þátt í verkefninu Barnvæn samfélög.